

Nr. 084 / 12 Dettifoss**Skipverji slasast við fall**

IMO.nr. 9086801
Smíðaður: Frederikshavn Danmark 1995, stál
Stærð: 14.664 BT
Mesta lengd: 165,60 m
Breidd: 28,60 m Dýpt: 8,95 m
Vél: MAN B&W 7S60MC 14.800 kW, 1995
Fjöldi skipverja: 13

Gögn:
Slysaskrá frá skipi
Gögn RNS



Dettifoss ©Hilmar Snorrason

Málið afgreitt á fundi 29. október 2012 af Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni. Hilmar Snorrason tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 11. júní 2012 var Dettifoss á siglingu frá Þórshöfn í Færeyjum til Reykjavíkur. Veður: Logn, ládautt

Skipverji var að fara upp á lestarlúgu á leið sinni til að yfirfara tengla fyrir frystigáma. Þegar hann var kominn upp á lúgukarminn og ætlaði að stíga inn á lestarlúguna rakst fóturinn í brún lúgunnar svo hann féll. Hann bar aðra hendina fyrir sig en hún lenti utan við lúguna. Hann féll fram fyrir sig og kom endilangur niður á keng sem gekk inn í brjóstakassann svo bringubeinið brotnaði. Andlit hans lenti á flatjárnri sem stóð upp úr lúgunni og við það nefbrotnaði hann.

Við rannsókn kom fram:

- að stigin upp á lúgukarminn er rafsoðinn fastur við hann;
- að slasaði bar nokkuð þunga verkfæratösku í ól á öxlinni sem gæti hafa „flækst fyrir“ og truflað uppstig hans upp á lúguna. En slasaði sagðist ekki gera sér grein fyrir hvað varð til þessa að hann féll.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.